

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2284  
komudagur 18.4.2008

HVALFJARÐAR  
SVEIT



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes  
Sími : 433 8500  
Fax : 433 8501  
Kt. 630606-1950

16.04.2008

s. 1/1

50.11/IBE

### Frumvörp til laga frá Umverfisnefnd Alþingis.

Á 45. fundir sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 15. apríl voru eftirtalin frumvörp lögð fram til umsagnar.

Skipulagslög, 374.mál, Mannvirki 375 mál. og Brunavarnir 376 mál.

Eftirfarandir bókun var gerð.

- 7. liður, frumvarp til laga um mannvirki. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 8. liður, frumvarp til laga um skipulagslög. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 9. liður, frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við 9. og 12. gr. Frumvarpsins, Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.

Umsagnir eru hjálagðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju  
**Hvalfjarðarsveit**  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir  
ritari/ afgreiðslufulltrúi

ingabirna@hvalfjardarsveit.is



## Umsögn skipulags og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskaði eftir því að skipulags og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar gæfi umsögn um framangreint lagafrumvarp. Nefndin fól formanni og skipulags og byggingarfulltrúa að gera viðkomandi umsögn til sveitarstjórnar.

### 9. grein.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

### Umsögn:

*Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flyta meðferð mála. Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnaeftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.*

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrreða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

## Skipulags og byggingarnefnd

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

*Umsögn:*

*Ílér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega fulla úr gildi verði lögin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.*

Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir.

Hvalfjarðarsveit 11. apríl 2008  
fh. skipulags- og byggingarnefndar.  
Skúli Lýðsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hvalfjarðarsveitar.